

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur matarfræðinga í sjúkrastofnunum.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig matarfræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn, er til þess hefir leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má veita þeim, sem lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað.

Leita skal umsagnar landlæknis og Félags matarfræðinga áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Starf matarfræðinga er að annast yfirstjórn á rekstri eldhúss, matargerð og framreiðslu matar í stofnunum, þar sem sjúklingar dveljast eins og þær eru skilgreindar samkvæmt 4. kafla laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.

4. gr.

Óheimilt er að ráða sem matarfræðinga í sjúkrahússtofnanir aðra en þá, sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Matarfræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls. Þagnarskyldan helst, þótt hann láti af störfum.

6. gr.

Matarfræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

7. gr.

Um matarfræðinga í sjúkrastofnunum gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, læknalög nr. 80/1969 með síðari breytingum. Reglur læknalaga gilda m.a. um sviptingu og endurveitingu starfsréttinda.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heilbrigðismálaráðherra getur út árið 1988 veitt þeim, sem eru stjórnendur matargerðar í sjúkrastofnunum og lokið hafa sambærilegu námi og matarfræðingar, starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari. Í slíkum tilvikum skal leita umsagnar landlæknis og Félags matarfræðinga áður en leyfi er veitt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. janúar 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.